


# Hvernig nýta grunnskólar á Íslandi niðurstöður úr prófum?

Samhliða fyrirlögn alþjóðlegu PISA-könnunarinnar árið 2015 voru skólastjórar í grunnskólum allra þátttökulanda spurðir að því hvernig skólinn þeirra nýti niðurstöður prófa. Spurt var um nýtingu **samræmdra prófa** og **skólaprófa**, eða prófa sem kennarar þróa sjálfir, sem lögð eru fyrir 15 ára nemendur. Hér koma fram svör skólastjóra á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum en þau gefa til kynna að skólar á Íslandi nýti niðurstöður úr samræmdum prófum og skólaprófum mikils meirihluta nemenda.

## Skipulag náms og kennslu

Mat á frammistöðu nemenda veitir skólum upplýsingar sem þeir geta nýtt við skipulag kennslu og til að vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda. Samkvæmt reglugerð um samræmd könnunarpróf á Íslandi (nr. 173 / 2017) er tilgangur þeirra meðal annars að skólar geti nýtt niðurstöður á þennan hátt. Myndin hér að neðan sýnir svör skólastjóra í grunnskólum á Íslandi við spurningum um hvort skólinn þeirra nýti **samræmd próf** til að **móta áherslur í námi og kennslu**, ásamt svörum skólastjóra á Norðurlöndum og meðaltali í löndum OECD. Niðurstöður eru vigtaðar eftir stærð skóla og er mælikvarðinn þannig ekki hlutfall skóla heldur hlutfall nemenda sem sækja skóla þar sem skólastjóri svarar viðkomandi spurningu játandi (sjá nánar um spurningar og úrvinnslu á bls. 5).


## Nýting samræmdra prófa til að móta áherslur í námi og kennslu



Samkvæmt svörum skólastjóra nýta grunnskólar á Íslandi niðurstöður úr samræmdum prófum mikils meirihluta nemenda til að leiða lærdóm þeirra og aðlaga kennslu að þeirra þörfum. Meðal Norðurlanda virðist algengast að skólar í Danmörku og á Íslandi nýti prófin í þessum tilgangi og það er algengara en að meðaltali í löndum OECD. Einnig er nokkuð algengt að norskir og sænskir skólar nýti prófin á þennan hátt en Finnland sker sig hins vegar úr því þar eru samræmd próf tiltölulega lítið notuð. Þá má sjá að Norðurlönd nýta niðurstöður samræmdra prófa sjaldan til að færa nemendur upp eða niður um bekk.

Myndin hér að neðan sýnir nýtingu skólaprófa til að móta áherslur í námi og kennslu

Nýting skólaprófa til að móta áherslur í námi og kennslu




Samkvæmt svörum skólastjóra nýta grunnskólar á Íslandi einnig skólapróf flestra nemenda í þeim tilgangi að móta áherslur í námi og kennslu. Ef lítið er til annarra landa er nýting prófanna víðast hvar nokkuð mikil en mest ber á milli í nýtingu skólaprófa til að færa nemendur upp eða niður um bekk. Slíkt er almennt algengt í löndum OECD og í Finnlandi en líkt og með samræmd próf eru skólapróf lítið notuð í þessum tilgangi á Íslandi og öðrum Norðurlöndum enda eru nemendur þar sjaldan láttnir endurtaka bekk.

## Staða og þróun skóla

Auk þess að móta áherslur í námi og kennslu er samræmdum prófum ætlað að upplýsa um stöðu og þróun skóla. Þannig kemur fram í reglugerð um samræmd könnunarpróf á Íslandi að tilgangur þeirra sé meðal annars að „veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr“ (nr. 173/2017). Myndin hér að neðan sýnir svör skólastjóra við spurningum um hvort **samræmd próf** séu nýtt í skólanum þeirra til að **fylgjast með stöðu og þróun skólans**.

### Nýting samræmdra prófa til að fylgjast með stöðu og þróun skóla




Samkvæmt svörum skólastjóra nýta íslenskir grunnskólar niðurstöður úr samræmdum prófum langflestira nemenda til að fylgjast með framförum skólans, bera frammistöðu skólans saman við árangur á svæðinu eða landinu öllu og bera skólann saman við aðra skóla. Í öðrum löndum virðist einnig nokkuð algengt að skólar nýti samræmd próf í þessum tilgangi en nýtingin er útbreiddust á Íslandi og í Svíþjóð.


## Upplýsingar til foreldra

Foreldrar grunnskólanema þurfa að vera upplýstir um frammistöðu og námsframvindu þeirra til að geta stutt við námið. Samkvæmt reglugerð um tilgang samræmdra könnunarprófa (nr. 173/2017) er upplýsingaveita til foreldra um námsárangur og námsstöðu nemenda eitt af hlutverkum prófanna á Íslandi. Myndin efst á bls. 4 sýnir hversu algengt er, samkvæmt svörum skólastjóra, að skólar nýti **samræmd próf og skólapróf** til að **upplýsa foreldra um námsframvindu nemenda**.

## Nýting prófa til að upplýsa foreldra um námsframvindu



Hlutfall nemenda sem sækja skóla þar sem eftirfarandi próftegundir eru nýttar til að upplýsa foreldra um námsframvindu barna þeirra:



Svörin gefa til kynna að grunnskólar á Íslandi noti niðurstöður úr bæði samræmdum prófum og skólaprófum mikils meirihluta nemenda til að upplýsa foreldra um námsframvindu barna þeirra. Önnur lönd nota báðar tegundir prófa einnig töluvert í þessum tilgangi en eru almennt líklegri til að nota skólapróf en samræmd próf.

### Samantekt

Samkvæmt skólastjórum í íslenskum grunnskólum nota skólar niðurstöður úr bæði samræmdum prófum og skólaprófum til að móta áherslur í námi og kennslu og til að fylgjast með stöðu og þróun skólans. Athygli vekur að Ísland er meðal þeirra Norðurlanda þar sem skólar nýta samræmd próf einna mest til að fylgjast með þróun í skólum og til að móta áherslur í námi og kennslu. Taka skal fram að þar sem spurningarnar voru hluti af PISA könnuninni sem lögð er fyrir 15 ára nemendur, var um að ræða spurningar sem snúa sérstaklega að nýtingu prófa sem lögð eru fyrir þennan aldurshóp. Ekki er því hægt að alhæfa um nýtingu prófa á grunnskólastigi í heild út frá þessum svörum en þær gefa engu að síður ákveðnar vísbendingar.

Skólar á Norðurlöndum nota niðurstöður beggja próftegunda mikið og er nýtingin almennt nokkuð algengari en í löndum OECD, miðað við meðaltal. Þó skal taka fram að sum lönd leggja ekki fyrir samræmd próf og þar sem þessi lönd eru ekki undanskilin í meðaltali OECD getur sú tala einnig endurspeglad minni notkun samræmdra prófa.

## Nánar um gögnin

Gögnin eru frá 2015 og spurt var hvort samræmt námsmat eða námsmat sem er þróað af kennurum (skólapróf) væri notað í ákveðnum tilgangi, fyrir nemendur í 10. bekk. Spurningum fylgdi útskýring um að samræmt námsmat ætti við um „stöðluð skyldupróf (t.d. samræmd könnunarpróf) og einnig um staðlað mat sem ekki er skylda (t.d. útgefin skimunarpróf)“ og um „mat sem hefur staðlaða aðferð, efni, framkvæmd og yfirferð og þar sem hægt er að bera saman niðurstöður nemenda og skóla“. Á Íslandi svöruðu skólastjórar í 123 grunnskólum. Eins og áður kom fram tekur útreikningur PISA á niðurstöðum tillit til stærðar skóla (til að mjög litlir skólar fái ekki óeðlilega mikið vægi) og þannig eru háðu breytur reiknaðar sem hlutfall nemenda sem sækja skóla þar sem skólastjóri svarar spurningu játandi, af heildarfjölda nemenda.